

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2005, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2005 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2005, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráninga sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögðum þing- og sveitar sjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldrafra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnám verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2005.

Tollstjórinn í Reykjavík

Sýslumaðurinn í Kópavogi

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Sýslumaðurinn í Keflavík

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Sýslumaðurinn á Akranesi

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Sýslumaðurinn í Búðardal

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Sýslumaðurinn á Hólmavík

Sýslumaðurinn á Siglufirði

Sýslumaðurinn á Saudárkróki

Sýslumaðurinn á Blönduósi

Sýslumaðurinn á Akureyri

Sýslumaðurinn á Húsavík

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði

Sýslumaðurinn á Höfn

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Sýslumaðurinn á Selfossi

Sýslumaðurinn í Vík

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Gjaldheimta Vestfjarða

Gjaldheimta Austurlands

Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum